

LÖG**um breytingu á umferðarlögum nr. 50/1987,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 2. mgr. 4. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur (með hástaf eða lágstaf eftir atvikum): Ráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2004.

*Gjört á Bessastöðum, 19. desember 2003.***Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Davíð Oddsson.***LÖG****um breyting á lögum nr. 31/1999, um alþjóðleg viðskiptafélög.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

- a. 2. másl. 2. mgr. fellur brott.
- b. Við greinina bætist ný málsgrein:

Afsali alþjóðlegt viðskiptafélag starfsleyfi sínu starfar félagið áfram sem hlutafélag eða einkahlutafélag, sbr. lög um hlutafélög og einkahlutafélög. Sama gildir er starfsleyfi alþjóðlegs viðskiptafélags fellur niður við afnám laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2004.

Lög nr. 31/1999, um alþjóðleg viðskiptafélög, falla úr gildi 1. janúar 2008. Samhliða falla úr gildi starfsleyfi starfandi alþjóðlegra viðskiptafélaga.

Ákvæði til bráðabirgða.

Eftir 1. mars 2004 verða ekki gefin út ný starfsleyfi. Fullbúna umsókn sem berst fyrir það tímamark er starfsleyfisnefnd þó heimilt að taka til afgreiðslu.

*Gjört á Bessastöðum, 19. desember 2003.***Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.